



Rangárþing eystra

Skóla- og íþróttasvæði

Tillaga að deiliskipulagi



GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

dags. 4 desember 2020



LANDMÓTUN

Óskar Örn Gunnarsson, Drífa Gústafsdóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300





Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 dagsettur 4.12. 2020



Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Aðdragandi og tilgangur	6
2.1	Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn	6
3	Forsendur	6
3.1	Íbúapróun	6
3.2	Skólasvæði	6
3.3	Íþróttasvæði	7
3.4	Staðhættir og veðurfar	7
3.5	Minjar	7
3.6	Náttúruvá	7
3.7	Tengsl við aðrar áætlanir	8
4	Deiliskipulag	9
4.1	Afmörkun	9
4.2	Aðkoma	9
4.2.1	Vegur ofan byggðar	9
4.3	Göngustígar	9
5	Almennir skilmálar	9
5.1	Reiðhjólasterði	9
5.2	Bílastæði	9
5.3	Sorpgeymslur	10
5.4	Lóðafrágangur og gróður	10
5.5	Byggingarreitir	10
6	Sérskilmálar	10
6.1	Grunnskólalóð	10
6.1.1	Aðkoma og bílastæði	10
6.1.2	Útisvæði tengd skólastarfi	10
6.1.3	Girðingar og afmörkun	11
6.1.4	Byggingarreitir og mannvirki	11
6.2	Leikskólalóð	11
6.2.1	Aðkoma og bílastæði	11
6.2.2	Lóð og afmörkun	11
6.2.3	Byggingarreitur og mannvirki	11
6.3	Íþróttasvæði	12



Skóla- og íþróttasvæði á Hvolsvelli-tillaga að deiliskipulagi

6.3.1	Göngustígar og tengingar við aðliggjandi svæði.....	12
6.3.2	Aðkoma og bílstæði.....	12
6.3.3	Mannvirki og önnur uppbygging	12
7	Umhverfisáhrif.....	14
8	Heimildaskrá.....	15
Mynd 1.	Horft norður eftir Vallarbraut (Mynd. www.ja.is).....	7
Tafla 1.	Núverandi mannvirki innan skipulagssvæðisins.	6



1 Inngangur

Í Aðalskipulagi Rangárþings eystra eru á þéttbýlisuppdrætti skilgreindir landnotkunarreitirnir íþróttasvæði ÍP-128 og samfélagsþjónusta S-109. Á landnotkunarreit S-109 er meðal annars grunnskólasvæði Hvolsvallar. Áætlað er að gera deiliskipulag fyrir þessi tvö svæði auk hluta miðbæjarsvæðis M-104, sem liggur að íþróttasvæðinu. Umhverfisáhrif skipulagstillögunnar verða metin skv. 12. gr. skipulagslaga.

2 Aðdragandi og tilgangur

2.1 Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþrótt-, skóla- og leikskólastarfsemi. Gert er ráð fyrir því að skilgreina m.a. nýja lóð fyrir átta deilda leikskóla, nýjan byggingareiti fyrir fjölnota íþróttahús og mögulegar stækkanir á grunnskóla, íþróttahúsi og sundlaugarsvæði. Endurskilgreina á Vallarbraut m.t.t. umferðaröryggis, auk stígakerfis og bílastæðamála.

Deiliskipulagið verður sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:2000 og í greinargerð.

3 Forsendur

3.1 Íbúapróun

Í Rangárþingi eystra hefur orðið töluverð fólksfjölgun. Í byrjun árs 2020 var fjöldi íbúa í Rangárþingi eystra alls 1961. Í spá um íbúafjölda í gildandi aðalskipulagi kemur fram að áætlaður fjöldi íbúa, miðað við miðspá landsmeðaltals Hagstofunnar, sé alls 1930 árið 2024. Fólksfjölgun síðustu ára og framtíðarvöxtur hafa gert það að verkum að núverandi staðsetning leikskóla við Hvolsveg/Nýbýlaveg er ekki hentug. Því er brýn þörf á því að finna honum annan stað. Gera þarf einnig ráð fyrir framtíðarstækkun grunnskóla sem og að auka þjónustu sveitarfélagsins hvað varðar íþróttastarfsemi. Gert er ráð fyrir stækkun á sundlaugarsvæði og núverandi íþróttahúsi ásamt byggingu fjölnota íþróttahúss á núverandi íþróttasvæði.

3.2 Skólasvæði

Grunnskólalóðin á Hvolsvelli (S-109) er í góðri tengingu við íþróttasvæðið. Vallarbraut aðskilur grunnskólasvæðið frá íþróttasvæðinu og er því þörf á aðgerðum við Vallarbraut til að auka öryggi skólabarna.

Grunnskólalóðin er skv. Þjóðskrá Íslands 5.000 m² að (L164465). Innan hennar eru eftirfarandi mannvirki, sem öll eru undir sama fasteignanúmeri F2195169 að Vallarbraut 16 á Hvolsvelli.

Tafla 1. Núverandi mannvirki innan skipulagssvæðisins.

Merking	Notkun	Bygg.ár	Birt stærð m ²
010101	Skólahús	1967	602
020101	Bókhlaða	1976	257
030101	Skólahús	1980	963,1
070101	Íþróttahús	1997	1187,4
080101	Skólahús	1999	239,6
110101	Skóli hús 4 og 5	2005	1394,1
120101	Tónlistarskóli	2008	802
130101	Áhaldageymsla	2008	199,2
140101	Búningsaðstaða o.fl.	2013	912,5
150101	Félagsmiðstöð	2016	182,7
			6739,6

Leikskólinn á Hvolsvelli er staðsettur á horni Nýbýlavegar og Hvolsvegjar. Skólinn er í dag rekinn í þremur aðskildum byggingum, sem þarfnast orðið mikils viðhalds. Því er orðið mjög aðkallandi að koma starfseminni undir eitt þak og skapa þannig góða aðstöðu fyrir yngstu íbúa sveitarfélagsins.

3.3 Íþróttasvæði

Á Hvolsvelli er íþróttasvæðið vestan Vallarbrautar (ÍP-128) í góðum tengslum við grunnskólann og íþróttahúsið. Þar er í dag fullkominn knattspyrnuvöllur og sparkvöllur og er gert ráð fyrir því að þar megi byggja nauðsynlega aðstöðu tengda velinum. Svæðið hefur mikla vaxtarmöguleika til framtíðar.

3.4 Staðhættir og veðurfar

Landið er að mestu flatt fyrir utan lágjar manir sem hafa verið settar til að afmarka bílastæði og íþróttavöll. Svæðið er nokkuð opið fyrir norðlægum vindum og er að finna ræktaðan trjágróður á svæðinu. Grunnskóla- og sundlaugarsvæðið er nokkuð skjólgott og gróðri vaxið.



Mynd 1. Horft norður eftir Vallarbraut (Mynd. www.ja.is)

3.5 Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í sveitarfélaginu (Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni, Fornleifastofnun Íslands, FS232-04012, Reykjavík 2004). Þar kemur fram að norðan skipulagssvæðisins eru tóftir/garðlag, RA-255:046. Í umsögn sem Minjastofnun Íslands veitti um lýsingu skipulagsins kemur fram að starfsmaður stofnunarinnar hafi skoðað svæðið á vettvangi og engar vísbendingar hafi fundist um fornleifar innan svæðisins.

3.6 Náttúruvá

Í aðalskipulagi Rangárþings eystra eru svæði undir náttúruvá ekki afmörkuð sérstaklega en fram kemur að hætta á stórum jarðskjálftum sé hvergi meiri en á Suðurlandsundirlendinu. Hvolsvöllur er í áhættuflokki 0,4g-0,5g og settar eru fram eftirfarandi verklagsreglur sem miða að því að draga úr tjóni í jarðskjálftum.

- Hafa skal að leiðarljósi að byggja fremur lágrest hús og að ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.
- Áður en byggð er skipulögð og byggingarframkvæmdir hafnar á eða við skjálftasvæði skal framkvæmdaraðili láta kanna bergsprungur á svæðinu. Ekki ætti að reisa mannvirki yfir sprungur eða stalla í berggrunninum.



Hvað aðra náttúruvá varðar s.s. eldvirkni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörðunarkerfi Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlun Almanna- og íþróttasvæðis.

3.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Rangárbings eystra 2012-2024

Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins kemur fram:

Opin svæði

- Áfram er stefnt að skógrækt á opnum svæðum vestan og norðan byggðar á Hvolsvelli til þess að afmarka byggð og mynda skjól og móta umgjörð um útivistarstíga og íþróttasvæði.

Samfélagsþjónusta

- Lögð skal áhersla á góð uppeldis- og menntunarskilyrði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Á Hvolsvelli skal gert ráð fyrir nægum íþrótt- og útivistarsvæðum svo og svæðum fyrir menntastofnanir.

Áætlunin styður þau meginmarkmið sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

Norðan við skipulagssvæðið er Gunnarsgerði þar sem í gildi er deiliskipulag, sem staðfest var 13.03.2008, og síðast breytt þann 30.08.2018. Auk þess er nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar, sem samþykkt var í sveitarstjórn 12.12.2019, staðsett norðan við skipulagssvæðið.

Vestan við skipulagssvæðið er Lava eldfjallasetur. Þar er í gildi deiliskipulag sem staðfest var 16.04.2015

Sunnan við skipulagssvæðið er miðbær þar sem í gildi er deiliskipulag sem staðfest var 26.10.2006.

Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæinn á Hvolsvelli og innan þess er svæði Lava eldfjallaseturs. Einnig er unnið að nýju deiliskipulagi, með svokölluðum Ofanbyggðarvegi, sem tengja mun íþróttasvæði og nýja íbúðabyggð við aðliggjandi svæði og Þjóðveg nr. 1.

Nýlega hefur tekið gildi deiliskipulag fyrir íbúðabyggð ÍB-103, ÍB-131 og opið svæði OP-129 og er norðan við skipulagssvæðið. Hið nýja deiliskipulag var staðfest 12.12.2019.

Velferðarráðuneytið

Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi, með sérstaka áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum. Áætlunin fylgir stefnumótunum ráðuneytanna og styður markmið þeirra.



4 Deiliskipulag

4.1 Afmörkun

Skipulagssvæðið er um 16,6 ha og afmarkast til austurs af íbúðarbyggð ÍB-108, ÍB-110 og ÍB-130. Til suðurs af miðsvæði Hvolsvallar en hluti þess er innan deiliskipulagsins. Norðan við svæðið er í vinnslu skipulag fyrir ofanbyggðarveg sem tengjast mun svæðinu. Vestan við skipulagssvæðið er óbyggt land.

Deiliskipulagssvæðið skiptist í þrjár lóðir; skólalóð, leikskólalóð og íþróttasvæði.

4.2 Aðkoma

Megin aðkoma að skipulagssvæðinu er af Vallarbraut, sem liggur þvert í gegnum svæðið. Nánar tiltekið liggur Vallarbrautin frá mörkum þéttbýlisins norðan megin, þar sem hún tengist nýjum vegi fyrir ofan byggðina, og niður að Hlíðarvegi. Stóragerði og Litlagerði liggja að grunnskólalóðinni suðvestanverðri.

Stærstur hluti Vallarbrautar liggur innan deiliskipulagssvæðisins og verður hún skilgreind sem vistgata með 10 km/klst hámarkshraða. Við aðkomu að skóla- og íþróttasvæði verða skilgreindar þrengingar á götunni, ein akrein, til þess að draga niður hraða og til að skilgreina hvar vistgatan byrjar. Átta göngupveranir verða skilgreindar innan svæðis og með það að markmiði að auka öryggi. Þar sem búast má við mikilli umferð barna verða göngupveranir uppbyggðar.

4.2.1 Vegur ofan byggðar

Aðkoma að bílastæðum við fjölnota íþróttahús og knattspyrnuvöll er af nýjum vegi ofan byggðarinnar. Þessi aðkoma dregur úr umferð í gegnum svæðið við og milli skólanna þar sem börn eiga helst leið um.

4.3 Göngustígar

Göngustígar eru sýndir innan svæðisins og tengingar við aðra stíga sem liggja að svæðinu. Stígakerfið miðar að öruggum leiðum fyrir gangandi vegfarendur og lármarkar þörf á bílastæðum. Stígarnir eru 2-3 m breiðir og nýtast því einnig sem akfærir þjónustustígar til viðhalds og fyrir viðbragðsaðila. Gera skal ráð fyrir lágri lýsingu á megin gangstígum svæðisins. Lega göngustíga innan skólalóðar og íþróttasvæðis á uppdrætti er til viðmiðunar og staðsetning og útfærsla getur breyst við nánari hönnun svæðisins.

5 Almennir skilmálar

Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

5.1 Reiðhjólstæði

Gera skal ráð fyrir reiðhjólstæðum með góðu aðgengi við megin aðkomu helstu mannvirkja og stofnana innan lóða.

5.2 Bílastæði

Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir að allt að 310 bílastæðum innan deiliskipulagssvæðisins. Sýnd eru 5 rútustæði á bílastæðinu nyrst á íþróttasvæðinu og einnig er skilgreint stæði fyrir skólabíla við Stóragerði og Litlagerði. Möguleiki er á allt að 70 viðbótar bílastæðum nyrst á svæðinu. Á viðbótar bílastæðum er gert ráð fyrir grasi eða öðru gegndræpu yfirborði. Bílastæði sem sýnd eru vestan Vallarbrautar (55 stæði) skulu vera græn bílastæði. Útfærsla á bílastæðum á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi.

Við megin aðkomu að leik- og grunnskóla eru sýnd stæði fyrir skólabíla þar sem miðað er við örugga aðkomu og auðvelt aðgengi. Við grunn- og leikskóla eru sýnd sleppistæði þar sem gert er ráð fyrir stuttu stoppi en ekki að bílum sé lagt en eru hluti af samtölu bílastæða innan svæðisins.



Hluti bílastæða skulu vera skilgreind fyrir hreyfihamlaða samkvæmt 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar. Við starfsmannastæði skal gera ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla.

5.3 Sorpgeymslur

Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð sorpgeymslna. Sorpgeymslur skulu vera látlausar og aðgengi að þeim gott.

5.4 Lóðafrágangur og gróður

Almennt skal hönnun lóða falla að þeirri starfsemi sem skilgreind er innan hennar. Tré og runnabeð skulu miða að skjóli og rýmismyndun.

Á skipulagsuppdrætti er skilgreind kvöð um gróður með þann tilgang að auka öryggi og afmarka skil á milli akbrauta, bílastæða, gönguleiða og íþróttavalla.

5.5 Byggingarreitir

Á skipulagsuppdrætti eru skilgreindir byggingarreitir og eru heimildir um uppbyggingu innan þeirra skilgreindar í sérskilmálum hvers lóðar.

Við þau mannvirki þar sem byggingarreitir eru ekki skilgreindir fylgja skilmálar núgildandi byggingarnefndarteikningum. Þar sem þetta á við er þó heimilt almennt viðhald sem og uppbygging er snýr að öryggi og aðgengi s.s. brunastigar, skábrautir o.fl. sem ganga má út fyrir byggingarreit.

6 Sérskilmálar

Í sérskilmálum koma fram þær heimildir, kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir hverja lóð og leyfileg uppbygging innan hvers byggingarreits.

6.1 Grunnskólalóð

Innan lóðarinnar er grunnskólinn Hvolskóli, félagsmiðstöð, sundlaugin á Hvolsvelli, íþróttahús, Tónlistarskóli Rangæinga og Héraðsbókasafn Rangæinga.

6.1.1 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er að grunnskólanum frá Stóragerði og Litlagerði og frá Vallarbraut að annarri starfsemi innan lóðarinnar.

Bílastæði sem þjónusta eiga m.a. íþróttahús, sundlaug, tónlistarskóla eru með aðkomu af Vallarbraut.

Bílastæði m.a. starfsmanna grunnskólans eru með aðkomu af Stóragerði og auk þeirra nokkur stæði samsíða götu. Stæði fyrir skólabíla er við Stóragerði og stoppstæði við grunnskóla fyrir almenning.

Við Litlagerði er einungis gert ráð fyrir stæðum fyrir skólabíla en ekki almennum bílastæðum.

6.1.2 Útísvæði tengd skólastarfi

Innan skólalóðar skal í hönnun skilgreina útísvæði þar sem hægt er að koma fyrir m.a. skólahreystibraut og annarri útiveru og hreyfingu tengda skólastarfi, útikennslusvæði, kálgarði, leikvelli og battavelli. Umfang og staðsetning svæðanna á skýringaruppdrætti er einungis til viðmiðunar og heimild er fyrir fleiri svæðum og nýjum skilgreiningum á lóðinni.

Við útísvæði á norður og austurhluta lóðarinnar skal lóðarhönnun miðast við að mynda skjól við útísvæði með trjágróðri og runnum.



6.1.3 Girðingar og afmörkun

Almennt er ekki gert ráð fyrir girðingum innan lóðarinnar nema við sundlaugarsvæði. Heimilt er að girða við útmörk lóðarinnar þar sem það á við.

6.1.4 Byggingarreitir og mannvirki

Byggingarreitur E- 2.838 m²

Innan reitsins er heimilt að reisa viðbyggingu við íþróttahús hvort sem um er að ræða aukna uppbyggingu á aðstöðu eða æfingasal. Leyfilegt viðbótar byggingarmagn allt að 1.500 m². Hámarks hæð í mæni 10 m.

Byggingarreitur F- 2.221 m²

Byggingarreitur nær yfir allt sundlaugarsvæðið. Á byggingarreitnum er heimiluð aukin uppbygging á sundlaugarsvæði sem tengist starfsemi svæðisins s.s. heitir pottar, tæknirými, gufubað o.fl. heildar viðbótar byggingarmagn allt að 500 m².

Byggingarreitur G- 2.514 m²

Á byggingarreitnum er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni við Hvolsskóla. Heimild er fyrir mannvirki á tveimur hæðum, heildar flatarmál allt að 2000 m². Hámarkshæð í mæni 10.5 m.

Byggingarreitur H- 1.093 m²

Á byggingarreitnum er heimilað að byggja eina hæð ofan á núverandi hús. Hámarkshæð í mæni 9.5 m viðbótar byggingarmagn allt að 800 m².

Byggingarreitur I- 602 m²

Á byggingarreitnum er heimilað að byggja eina hæð ofan á núverandi hús. Hámarkshæð í mæni 9.5 m viðbótar byggingarmagn allt að 600 m².

6.2 Leikskólalóð

Um er að ræða nýja lóð.

6.2.1 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma akandi umferðar að leikskólanum er við austurhlið lóðarinnar af Vallarbraut og bílastæði, bæði fyrir almenning og starfsmenn eru norðan við leikskólann við einstefnugötu sem liggur norðan og vestan við leikskólalóðina, frá Vallarbraut að Hvolsvelli.

Aðkoma skólabíla er af Vallarbraut þar sem sýnd er einstefnuleið við austurhlið leikskólans. Bílastæði á uppdrætti eru til viðmiðunar. Gera skal ráð fyrir aðkomu fyrir aðföng norðan lóðarinnar við bílastæði. Við Austurveg, milli eldfjallaseturs og Bjarkarinnar eru bílastæði sem m.a. nýtast leikskólanum.

6.2.2 Lóð og afmörkun

Stærð lóðar er um 14.900 m² og innan hennar skal koma fyrir mannvirki undir leikskólastarfsemi fyrir allt að 200 börn ásamt allri aðstöðu sem fylgir þeirri starfsemi.

6.2.3 Byggingarreitur og mannvirki

Byggingarreitur A- 13.000 m².

Byggingarreitur er rúmur og er skilgreindur 1,5 m frá lóðarmörkum og er staðstetning byggingar frjáls innan reitsins. Heildar byggingarmagn allt að 1.500 m². Mænishæð allt að 10,5 m.



6.3 Íþróttasvæði

Innan svæðisins er í dag; frjálsíþróttavöllur, knattspyrnuvöllur og æfingavellir. Áætluð er frekari uppbygging bæði á völlum og mannvirkjum fyrir íþróttæfingar og tengda aðstöðu.

6.3.1 Göngustígar og tengingar við aðliggjandi svæði

Hönnun göngustíga innan svæðis skulu miða að góðu aðgengi að íþróttavöllum innan svæðis og tengingum við aðliggjandi svæði. Megin göngustígar skulu nýtast sem þjónustustígar bæði til viðhalds og fyrir viðbragðsaðila.

6.3.2 Aðkoma og bílstæði

Aðal aðkoma akandi umferðar er af ofanbyggðarvegi norðan við svæðið, við fjölnotahús og knattspyrnuvöll, að bílastæðum svæðisins þar sem einnig er gert ráð fyrir rútustæðum. Við bílastæðið er skilgreint svæði fyrir viðbótar bílastæði. Gott aðgengi er einnig frá viðbótar bílastæðum sunnan við svæðið.

6.3.3 Mannvirki og önnur uppbygging

Eftirfarandi völlum skal koma fyrir á svæðinu:

- Knattspyrnuvöllur – stærð miðast við völluminn samræmist kröfum reglugerðar Knattspyrnusambands Íslands nr. 8/2011 um knattspyrnuleikvanga.
- Frjálsíþróttavöllur – innan vallarins skal vera hlaupabraut og aðstaða fyrir kast- og stökkgreinar.
- Strandblaksvellir -á svæðinu skal skilgreinda að lágmarki þrjú strandblaksvellir ásamt öryggismörkum.
- Æfingavellir -koma skal fyrir að lágmarki tveimur æfingavöllum og stærð þeirra miðast við velli í flokki E í reglugerð KSÍ um knattspyrnuvelli.

Heimilt er að koma fyrir fleiri völlum eða öðru til íþróttaiðkunar þar sem pláss leyfir t.d. fyrir körfubolta og hreyfistöðvar.

Á íþróttasvæðinu er skilgreindir þrír byggingarreitir og innan þeir er heimild fyrir eftirfarandi uppbyggingu:

Byggingarreitur B- 800 m².

Á reitnum er félagsmiðstöð, stærð samkvæmt þjóðskrá 182,7 m². Heimilt er að stækka húsið þannig að heildar flatarmál sé allt að 600 m². Hámarks mænishæð 5 m. Nýting hússins er valkvæð en skal tengjast skóla- og eða íþróttastarfsemi.

Byggingarreitur C- 3.648 m².


Á byggingarreitnum er gert ráð fyrir yfirbyggðri áhorfendastúku við frjálsíþróttavöll fyrir allt að 1000 manns í sæti. Heildar byggingarmagn innan reits 1.200 m², grunnflötur má vera niðurgrafin allt að 2 m. Hámarks hæð 11 m. Heimild er fyrir aðstöðu undir áhorfendastæðum fyrir til að mynda tæknirými, aðstöðu fyrir keppendur, áhaldageymslu, salerni, miðasölu o.fl. sem samræmist nýtingu svæðisins.

Byggingarreitur D- 11.800 m².

Á reitnum er heimil uppbygging á fjölnota íþróttahúsi allt að 3.500 m² að flatarmáli. Mænishæð allt að 16 m.



Skóla- og íþróttasvæði á Hvolsvelli-tillaga að deiliskipulagi





7 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagssvæðið er norðvestan megin í þéttbýlinu með góða tengingu við íbúðarbyggðina á Hvolsvelli. Svæðið er inna skilgreinds þéttbýlis á Hvolsvelli og er um 16,6 ha að flatamáli. Ekki er um nýja veglagningu að ræða sem tengist svæðinu beint en áætlun er upp með að leggja nýjan veg fyrir norðan byggðina og verður tenging af svæðinu inn á hann. Göngustígar verða lagðir innan svæðis sem einnig nýtast sem þjónustu og neyðarleiðir innan svæðisins. Uppbyggingin er að miklu leyti á óbyggðu landi sem nýtt hefur verið að hluta sem íþróttavöllur en einnig er innan deiliskipulagssvæðisins lóð grunnskólans á Hvolsvelli og þar er einnig sundlaug, tónlistarskóli, félagsmiðstöð o.fl. starfrækt. Þeim hluta Vallarbrautar sem liggur innan deiliskipulagssvæðisins verða settar þrengingar til þess að draga niður umferðarhraða með umferðaröryggi að markmiði fyrir alla sem leið eiga um svæðið og einnig verður gatan skilgreind sem vistgata á ákveðnum hluta til þess að auka umferðaröryggi.

Sjónræn áhrif deiliskipulagsins eru óhjákvæmileg, með auknu byggingarmagni og uppbyggingu leikskóla, knattúss og aðstöðu fyrir íþróttavöll og mun ásýnd svæðisins taka breytingum. Með vandaðri hönnun mannvirkja og umhverfis þeirra, auk landmótunar, mun uppbygging svæðisins hafa jákvæð áhrif á upplifun fólks á svæðinu.

Nálægð íþróttar og útivistarsvæða við íbúðarsvæði þéttbýlisins og góðra tenginga þar á milli stuðla að aukinni útivist almennings og þátttöku í líkamsrækt og félagsstörfum. Uppbyggingin mun því hafa góð áhrif á lýðheilsu og samkennd innan samfélagsins.

Samtvinnun leik- og grunnskóla við íþróttasvæði stuðlar að aukinni íþróttaiðkun barna og ungmenna. Nálægð milli leik- og grunnskóla auðveldar samstarf á milli skólastiga.



8 Heimildaskrá

Aðalskipulag Rangárbings eystra 2012-2024.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 90/2008 um leikskóla.

Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, (2011). Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum.

Velferðarráðuneytið, (2016). Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi –með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.